

30. september 2008

Til OMX
Frá Stjórn Eglu hf.

**Afkoma Eglu hf.
Rekstrartímabilið 1. janúar til 30. júní 2008**

Stjórn Eglu hf. samþykkti í dag árshlutareikning félagsins fyrir síðastliðið rekstrartímabil. Árshlutareikningurinn hefur fengið fyrirvaralausá könnunaráritun endurskoðanda félagsins. Í árshlutareikningi félagsins kemur meðal annars fram eftirfarandi:

15.031 milljóna króna tap á rekstrartímabilinu

- Tap tímabilsins var 15.031 milljónir króna en fyrir sama tímabil í fyrra var hagnaður félagsins 23.076 milljónir króna.
- Gangisvirðisbreyting hlutabréfa var neikvæð um 6.890 milljónir króna í samanburði við jákvæða breytingu um 23.639 milljónir króna frá fyrra ári.
- Reiknaður tekjuskattur tímabilsins var 836 milljónir króna.

Efnahagur í lok tímabils

Eignir félagsins lækkuðu um 33.587 milljónir króna frá byrjun árs til loka tímabilsins. Heildarskuldir Eglu hf. lækkuðu um 18.555 milljónir króna frá upphafi árs til loka tímabilsins og eru 37.198 milljónir króna. Eigið fé lækkaði um 15.031 milljónir króna. Breytingin skýrist af afkomu tímabilsins.

Rekstrarhorfur á yfirstandandi ári

Á yfirstandandi reikningstímabili hefur ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum einkennst af mikilli lausafjárkreppu með þeim afleiðingum að hlutabréf skráðra félaga á Íslandi hafa lækkað mikið auk þess sem lán félagsins hafa hækkað með veikingu krónunnar. Í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu hefur móðurfélag félagsins, Kjalar hf. gert gjaldmiðlasamninga á heildarlánasafni samstæðunnar. Eiginfjárstaða Eglu hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið til að takast á við fjármálaumhverfið á yfirstandandi ári.

Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrartímabili

Markaðsverð skráðra félaga í eignasafni Eglu hf. hefur lækkað það sem af er seinni helmingi 2008. Eignarhlutur félagsins í Kaupþingi hf. hefur lækkað um 5,2% og í Alfesca um tæp 12,9% á tímabilinu. Á sama tímabili hefur gengi íslensku krónunnar veikt um 16,83%. Þrátt fyrir þessar breytingar er eiginfjárstaða félagsins sterk á áritunardegi árshlutareikningssins.

Lykiltölur

	1.1 - 30.6.2008	1.1 - 30.6.2007	1.1 - 30.6.2006	1.1 - 30.6.2005
Rekstrartekjur				
Gangvirðisbreytingar fjárfestingarverðbréfa ..	(6.890.368)	23.639.121	287.534	7.188.336
Vaxtatekjur	45.191	8.574	31.890	170.116
	<u>(6.845.178)</u>	<u>23.647.694</u>	<u>319.424</u>	<u>7.358.451</u>
Rekstrargjöld				
Fjármagnsgjöld	(7.321.482)	(674.335)	(1.565.058)	(476.258)
Annar rekstrarkostnaður	(28.754)	(5.532)	(495)	(2.742)
	<u>(7.350.237)</u>	<u>(679.867)</u>	<u>(1.565.553)</u>	<u>(479.000)</u>
Afkoma fyrir skatta	(14.195.414)	22.967.827	(1.246.129)	6.879.451
Tekjuskattur	(836.050)	108.665	353.693	(1.173.606)
Afkoma tímabilsins	(15.031.465)	23.076.492	(892.436)	5.705.845
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá (til) rekstrar	369.374	(233.020)	(89.961)	5.880
Fjárfestingarhreyfingar	0	(365.713)	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	(318.127)	850.351	0	1.465.760
Efnahagur				
	30.06.2008	31.12.2007	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir	77.344.790	111.136.064	73.654.733	53.624.981
Veltufjármunir	1.731.364	1.526.883	1.468.664	646.718
Eignir alls	79.076.154	112.662.947	75.123.397	54.271.699
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé í lok tímabils	41.878.342	56.909.806	52.623.059	34.209.133
Tekjuskattsskuldbinding	767.086	0	0	7.108.159
Langtímaskuldir	35.784.790	55.171.066	18.352.346	12.521.779
Skammtímaskuldir	645.936	582.075	4.147.992	432.628
Skuldir og skuldbindingar alls	36.430.726	55.753.141	22.500.338	12.954.407
Eigið fé og skuldir alls	79.076.154	112.662.947	75.123.397	54.271.699